



EIRÍKUR GUÐNASON

24. febrúar 2009

SÍ 49461

Minnisblað

Viðtakandi: Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

Sendandi: Eiríkur Guðnason, bankastjóri

Efni: verkefni og skipulag Seðlabanka

Ég lýsi furðu minni á vinnubrögðum og yfirlýsingum í sambandi við stjórnskipulagsbreytingar á Seðlabankanum. Í stað þess að sinna brýnum verkefnum í peningamálum og gjaldeyrismálum hefur miklum tíma verið eytt í óþarfa síðustu vikur að mínum dómi.

Haft var eftir yður að skipulagsbreyting sú sem felst í Seðlabankafrumvarpinu sé „undirstaðan undir ýmislegt sem að við erum að glíma við í efnahagsmálunum“. Þetta er furðuleg yfirlýsing í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa að undanförunu m.a. vegna bréfaskrifta yðar og bankastjóra Seðlabankans og þess að viðskiptanefnd Alþingis veitti Seðlabankanum óeðlilega skamman frest til umsagnar um Seðlabankafrumvarpið, svo vinna við umsögnina varð að fá forgang umfram brýn úrlausnarefni sem að Seðlabankanum snúa. Sömuleiðis hefur það valdið töfum að lykilmönnum hefur verið vikið til hliðar. Sem dæmi má nefna að Ingimundur Friðriksson gegndi hér mikilvægu hlutverki og var m.a. skipaður af fyrrverandi forsætisráðherra í svonefnda samræmingarnefnd sem vinnur að endurreisn fjármálakerfisins.

Í minnisblaði mínu til yðar 10. febrúar sl. var vikið að nokkrum atriðum sem nauðsynlegt er að hafa í huga við mótun stefnu og brýnt er að sinna. Unnið er að endurreisn fjármálakerfisins á mörgum stöðum, svo sem stöðu bankanna, nýju og gömlu. Til viðbótar því sem ég nefndi í fyrra minnisblaði er nú sérstök ástæða til að gaumgæfa stöðu ýmissa smærri fjármálafyrirtækja.

Það er gríðarlega mikilvægt að tóm gefist til að sinna brýnum verkefnum í stað þess dreifa athyglinni eins og gert hefur verið með óvönduðum vinnubrögðum varðandi skipulag Seðlabankans og óviðeigandi yfirlýsingum í tengslum við það.

Samrit sent fjölmiðlum